

220

31. des.

AUGLÝSING

um staðfestar jarðræktarsamþykktir í Strandasýslu.

Í samræmi við lög nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, reglugerð frá 20. febrúar 1946 og jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Strandamanna frá 31. desember 1946, hafa á árinu 1947 eftirtaldar jarðræktarsamþykktir hlotið staðfestingu:

1. Jarðræktarsamþykkt fyrir 1. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Strandamanna (Búnaðarfélag Bæjarhrepps og Búnaðarfélag Óspakseyrarhrepps í Strandasýslu), 12. september 1947.
2. Jarðræktarsamþykkt fyrir 2. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Strandamanna (Búnaðarfélag Fellshrepps, Búnaðarfélag Kirkjubólshrepps, Búnaðarfélag Hólmavíkurhrepps og Búnaðarfélag Hrófbergshrepps í Strandasýslu), 12. september 1947.
3. Jarðræktarsamþykkt fyrir 3. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Strandamanna (Búnaðarfélag Kaldrananeshrepps í Strandasýslu), 12. september 1947.
4. Jarðræktarsamþykkt fyrir 4. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Strandamanna (Búnaðarfélag Árneshrepps), 12. september 1947.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

221

31. des.

AUGLÝSING

um staðfestar jarðræktarsamþykktir á Austurlandi.

Í samræmi við lög nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, reglugerð frá 20. febrúar 1946, og jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Austurlands frá 8. ágúst 1947, hafa á árinu 1947 eftirtaldar jarðræktarsamþykktir hlotið staðfestingu:

1. Jarðræktarsamþykkt fyrir 6. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands (Búnaðarfélag Loðmundarfjarðar í Norður-Múlasýslu), 12. ágúst 1947.
2. Jarðræktarsamþykkt fyrir 3. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands (Fljótsdalshérað vestan Lagarfljóts, þ. e. Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps, Búnaðarfélag Fellahrepps, Búnaðarfélag Tunguhrepps, og Búnaðarfélag Hlíðarhrepps í Norður-Múlasýslu), 17. október 1947.
3. Jarðræktarsamþykkt fyrir 17. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands (Búnaðarfélag Hofshrepps, í Örafum í Austur-Skaftafellssýslu), 8. desember 1947.
4. Jarðræktarsamþykkt fyrir 13. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands (Breiðdal og Berufjarðarströnd í Suður-Múlasýslu), 31. desember 1947.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.